



Stjórnarfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra 14. ágúst 2017

Haldinn á Torfnesi. Fundur settur kl. 17:05. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, formaður BUR, Harpa Guðmundsdóttir, Sveinn Rúnar Júlíusson, gjaldkeri og Ingi Björn Guðnason sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Leikmannamál
Farið yfir stöðu mála. Búið að skrifa undir samning við bandarískan leikmann, André Cornelius. Reiknað með að hann komi eftir 15. september. Unnið er að atvinnuleyfismálum. Ingólfi falið að halda áfram með önnur leikmannamál sem eru í skoðun.
2. Undirbúningstímabilið
Rætt um undirbúningstímabilið. Stefnt að keppnis-, æfinga- og kynningarferð á Patreksfjörð í byrjun september. Körfuboltadagur Vestra verður haldinn 7. sept á Ísafirði og æfingaferð meistaraflokks á Patreksfirði verður á 9.-10. sept. Stefnt að því að sambærilegur körfuboltadagur verði haldinn á Patreksfirði í tengslum við æfingaferð meistaraflokks .
3. Húsnæði
Húsnæði fyrir leikmenn. HSV hefur ekki enn vissu fyrir því hve margar íbúðir umfram samning fást frá Ísafjarðarbæ. Ingi Björn hefur endurnýjað umsókn um íbúðir hjá HSV og mun fylgja malinu eftir.
4. Fjármál og styrkir
Sveinn gerði grein fyrir stöðu mála. Rætt um að fara í pappírssölu um leið og meistaraflokkur er allur komin allur til æfinga.
5. Önnur mál.
Engin önnur mál.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18:05.